



ENOR

Enor ehf. | s. 430 1800 | www.enor.is



Eyþing

Endurskoðunarskýrsla 2019

Efnisyfirlit

	<i>Bls.</i>
<i>Endurskoðun ársins 2019</i>	3
<i>Helstu niðurstöður</i>	4
<i>Ársreikningur Eyþings 2019</i>	5 - 6
<i>Notkun reikningskilaaðferða</i>	7
<i>Reikningshaldslegt mat</i>	8
<i>Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti</i>	9
<i>Önnur mikilvæg atriði</i>	10 - 11

Endurskoðun ársins 2019

Akureyri 13. ágúst 2020

Stjórn Eyþings

Við höfum lokið endurskoðun okkar á ársreikningi Eyþings fyrir árið 2019. Markmið endurskoðunarinnar er að skila stjórn, aðildarsveitarfélögum Eyþings og öðrum hagsmunaaðilum óháðu álit á reikningskilum sambandsins. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Í álit okkar á ársreikning sambandsins segir: Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur.

Í álit okkar kemur fram ábending þar sem vísað er til umfjöllunar í skýringum varðandi neikvæða eiginfjárstöðu sambandsins.

Að endurskoðuninni komu eftirtaldir starfsmenn Enor:

Niels Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi

Karen Björk Gunnarsdóttir, viðskiptafræðingur

Við þökkum stjórnendum og starfsfólki sambandsins alla þá aðstoð sem okkur var veitt. Ef upp vakna spurningar um endurskoðunina eða niðurstöður hennar þá hvetjum við stjórn eða stjórnendur til þess að hafa samband við okkur.

Virðingarfyllst,

Enor ehf.

Niels Guðmundsson

löggiltur endurskoðandi

Helstu niðurstöður

Hér á eftir eru settar fram helstu niðurstöður endurskoðunarinnar, ítarlegri umfjöllun um einstaka liði er á blaðsíðum 5 til 11 í skýrslunni.

Ársreikningur Eyþings 2019

Rekstartekjur ársins 2019 námu kr. 427,0 millj. samanborið við tekjur að fjárhæð kr. 403,0 millj. samkvæmt áætlun. Frávik í tekjum frá áætlun eru í heild kr. 24,1 millj. og skýrast að mestu af auknum tekjum vegna sóknaráætlunar og verkefna í umsjón Eyþings. Rekstrargjöld ársins námu kr. 423,0 millj. samanborið við gjöld að fjárhæð kr. 412,4 millj. samkvæmt áætlun. Helstu frávik koma fram í aðkeyptri þjónustu sem var kr. 16,5 millj. yfir áætlun ársins. Laun og launatengd gjöld voru um 6,4 millj. undir áætlun sem að skýrist að stórum hluta af lækkun orlofsskuldbindingar sem lækkaði um kr. 4,6 millj. milli ára. Rekstrarniðurstaða ársins 2019 var jákvæð um kr. 5,0 millj. samanborið við kr. 8,9 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun.

Heildareignir í árslok 2019 námu kr. 126,1 millj. samanborið við kr. 180,2 millj. í ársbyrjun og hefur efnahagur sambandsins dregist saman vegna úthlutana af Sóknaráætlun en í árslok 2018 var nokkuð há staða vegna ógreiddra styrkloforða og óúthlutaðra fjármuna vegna Sóknaráætlunar. Eigið fé var í árslok neikvætt um kr. 42,5 millj. samanborið við kr. 47,5 millj. neikvæða stöðu í ársbyrjun. Uppsafnað tap samgönguhlutans stóð í árslok 2019 í um kr. 63,6 millj. og hafði hækkað um kr. 2,3 millj. milli ára. Heildarskuldir í árslok 2019 voru kr. 168,6 millj. samanborið við kr. 227,7 millj. í ársbyrjun. Skuldbinding vegna ógreiddra styrkja nam kr. 67,0 millj. í árslok samanborið við kr. 102,2 millj. í ársbyrjun. Fyrirframinnheimtar tekjur námu kr. 1,9 millj. í árslok 2019 samanborið við kr. 30,6 millj. í ársbyrjun.

Fyrirframinnheimtar tekjur

Staða á fyrirframinnheimtum tekjum í efnahagsreikningi er tilkomin vegna óráðstafaðra framlaga af Sóknaráætlun. Meðhöndlun fyrirframinnheimtra tekna er með sambærilegum hætti og árið áður.

Almenningssamgöngur

Afkoma af rekstri samgöngumála var neikvæð á árinu um kr. 2,3 millj. Á undanförnum árum hafa verið veittir viðbótarstyrkir frá ríkinu til Eyþings vegna samgöngumála en þrátt fyrir það er eiginfjárstaða málaflokksins þó áfram verulega neikvæð. Samningur við Vegagerðina um almenningssamgöngur rann út eftir framlengingu í árslok 2019 og hefur Eyþing átt í viðræðum við samgönguyfirvöld um fjárhagslegt uppgjör verkefnisins.

Úthlutun styrkja

Yfirferð okkar á styrkveitingum kom vel út. Ferlið er að okkar mati skýrt og teljum við eftir yfirferðina að utanumhaldið sé gott.

Reikningshaldslegt mat

Við höfum yfirfarið mat stjórnenda á viðskiptakröfum, öðrum kröfum og eignarhlutum í árslok 2019. Við teljum að mat einstakra liða sé viðeigandi og í samræmi við reikningskilareglur og matsaðferðir í fyrri uppgjörum.

Notkun reikningsskilaaðferða

Við höfum yfirfarið reikningsskilin með tilliti til laga um ársreikninga og settra reikningsskilareglna. Engin veruleg frávik komu fram við þá yfirferð.

Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti

Starfaskipting og eftirlit hjá sambandinu riðlaðist nokkuð þegar að fyrrum framkvæmdastjóri Eyþings fór í veikindaleyfi. Starfsemin var undirmönnuð á árinu 2019 og miklar breytingar hafa nú orðið með sameiningu starfseminnar við starfsemi atvinnuþróunarfélaganna á starfssvæðinu. Mikilvægt er að hugað sé vel að starfaskiptingu og skipulagi innra eftirlits hjá sameinuðu félagi.

Ársreikningur Eyþings 2019

Afkoma ársins 2019 – samanburður við áætlun

Rekstartekjur ársins 2019 námu kr. 427,0 millj. samanborið við tekjur að fjárhæð kr. 403,0 millj. samkvæmt áætlun. Tekjur ársins 2018 námu kr. 433,5 millj. Frávik í tekjum frá áætlun eru í heild kr. 24,1 millj. og skýrast að mestu af auknum tekjum vegna sóknaráætlunar og verkefna í umsjón Eyþings. Meðal verkefnatekna eru framlög til Eyþings vegna undirbúnings sóknaráætlunar 2020 kr. 6,2 millj. og vegna skipulags og sameiningarmála hjá sambandinu kr. 7,7 millj. Ónýtt framlög vegna Sóknaráætlunar í árslok 2019 að fjárhæð kr. 1,9 millj. eru færð til skuldar og koma til lækkunar á tekjum ársins. Farþegatekjur í samgönguhlutanum voru um kr. 4,1 millj. undir áætlun en á móti kemur að ríkisframlög vegna almenningsamgangna voru yfir áætlun.

Rekstrargjöld ársins námu kr. 423,0 millj. samanborið við gjöld að fjárhæð kr. 412,4 millj. samkvæmt áætlun. Helstu frávik koma fram í aðkeyptri þjónustu sem var kr. 16,5 millj. yfir áætlun ársins. Laun og launatengd gjöld voru um 6,4 millj. undir áætlun sem að skýrist að stórum hluta af lækkun orlofs-skuldbindingar sem lækkaði um kr. 4,6 millj. milli ára. Úthlutaðir styrkir námu kr. 173,2 millj. og voru um kr. 5,3 millj. yfir áætlun en mjög lág fjárhæð var óúthlutað í árslok eða kr. 1,9 millj. sem er mun lægri staða en undanfarin ár.

Rekstrarniðurstaða ársins 2019 var jákvæð um kr. 5,0 millj. samanborið við kr. 8,9 millj. í neikvæða afkomu skv. áætlun.

	2019	Áætlun 2019	Frávik
Framlög til reksturs Eyþings	55.915.847	56.903.665	-987.818
Framlög vegna Sóknaráætlunar	188.783.985	183.154.860	5.629.125
Framlög og tekjur vegna samgöngum.	150.439.257	149.450.000	989.257
Tekjur vegna annarra verkefna	31.895.468	13.445.000	18.450.468
	427.034.557	402.953.525	24.081.032
Laun og launatengd gjöld	49.281.625	55.710.000	-6.428.375
Breyting lífeyrisskuldb.	-15.635	870.000	-885.635
Aðkeypt þjónusta	190.759.573	174.305.000	16.454.573
Úthlutaðir styrkir	173.237.112	167.957.860	5.279.252
Annar rekstrarkostnaður	9.703.233	13.529.600	-3.826.367
	422.965.908	412.372.460	10.593.448
Fjármagnsliðir	931.698	550.000	381.698
Rekstrarniðurstaða ársins	5.000.347	-8.868.935	13.869.282

Ársreikningur Eypings 2019

Efnahagsreikningur

Heildareignir í árslok 2019 námu kr. 126,1 millj. samanborið við kr. 180,2 millj. í ársbyrjun og hefur efnahagur sambandsins dregist saman vegna úthlutana af Sóknaráætlun en í árslok 2018 var nokkuð há staða vegna ógreiddra styrkloforða og óúthlutaðra fjármuna vegna Sóknaráætlunar. Þetta sést á því að handbært fé lækkar úr kr. 111,9 millj. frá ársbyrjun niður í kr. 39,1 millj. í árslok 2019. Í árslok 2019 stóð krafa á ríkið vegna framlaga til sóknaráætlunar í kr. 52,5 millj. en árið áður var staðan kr. 49,5 millj.

Eigið fé var í árslok neikvætt um kr. 42,5 millj. samanborið við kr. 47,5 millj. neikvæða stöðu í ársbyrjun. Uppsafnað tap samgönguhlutans stóð í árslok 2019 í um kr. 63,6 millj. og hafði það hækkað um kr. 2,3 millj. milli ára.

Heildarskuldir í árslok 2019 voru kr. 168,6 millj. samanborið við kr. 227,7 millj. í ársbyrjun. Skuldbinding vegna ógreiddra styrkja nam kr. 67,0 millj. í árslok samanborið við kr. 102,2 millj. í ársbyrjun. Fyrirframinnheimtar tekjur námu aðeins kr. 1,9 millj. í árslok 2019 samanborið við kr. 30,6 millj. í ársbyrjun. Fyrirframinnheimtar tekjur eru tilkomnar vegna uppsafnaðs / óráðstafaðs afgangs af framlögum til Sóknaráætlunar. Viðskiptaskuldir hækka nokkuð milli ára sem skýrist að stærstum hluta af stöðum tengt samgönguhlutanum. Lækkun á öðrum skammtímaskuldum skýrist að stórum hluta af lækkun olofsskuldbindingar.

Hér að neðan má sjá skiptingu efnahagsliða milli deilda, en nánari sundurliðun á deildir er að finna á bls. 17 í ársreikningi sambandsins.

	Eyping	Menningar- mál	Skóla- þjónusta	Sóknar- áætlun	Almennings- samgöngur	Stöður milli deilda	Samtals
Eignir samtals	83.542.028	1.587.126	0	75.029.959	18.513.214	-52.523.178	126.149.149
Eignfjárreikningur	51.119.980	0	-29.986.285	0	-63.632.879		-42.499.183
Skuldir samtals	32.422.048	1.587.126	29.986.285	75.029.959	82.146.093	-52.523.178	168.648.332
	83.542.028	1.587.126	0	75.029.959	18.513.214	-52.523.178	126.149.149

Notkun reikningsskilaaðferða

Fyrirframinnheimtar tekjur

Staða á fyrirframinnheimtum tekjum í efnahagsreikningi er tilkomin vegna óráðstafaðra framlaga af Sóknaráætlunar. Á árinu 2019 lækkaði staða fyrirframinnheimtra tekna úr kr. 30,6 millj. í kr. 1,9 millj. eða um kr. 28,7 millj. Skuldbindingin lækkar nokkuð þar sem lögð var áhersla á að úthluta sem mestu vegna þess að sóknaráætlunarsamningurinn sem framlögin tilheyrðu var að klárast og nýr sóknaráætlunarsamningur tók við á árinu 2020.

Lífeyrisskuldbinding

Áfallin lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikninginn. Skuldbindingin felur í sér áætlaðan hlut sambandsins í áfallinni lífeyrisskuldbindingu vegna fyrrverandi starfsmanna Skólaþjónustu Eyþings.

Lífeyrisskuldbindingin lækkar milli ára og nam lækkunin kr. 921 þús. á árinu 2019. Lífeyrisskuldbindingin er eini liðurinn sem fellur undir Skólaþjónustu Eyþings. Samkvæmt gögnum frá tryggingastærðfræðingi hefur hlutfall sambandsins af reiknuðum skuldbindingum verið áætlað 50% en útreikningar benda til þess að hlutfallið sé nokkuð hærra eða 56,8%. Skoða þarf hækkun á hlutfallinu ef útreikningar halda áfram að sýna hærra hlutfall.

Mat á notkun reikningsskilaaðferða

Við höfum yfirfarið reikningsskilin með tilliti til laga um ársreikninga og annarra laga og settra reikningsskilareglna. Engin veruleg frávik komu fram við þá yfirferð.

Það er mat okkar að sambandið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga og aðrar settar reikningsskilareglur.

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Mat viðskiptakrafna var yfirfarið og innheimta í upphafi árs 2020 skoðuð. Stærstu kröfurnar í árslok eru kröfur á ríkissjóð vegna ógreiddra framlaga til sóknaráætlunar, krafa á Vegagerðina og strætó vegna almenningssamgangna og svo krafa á ríkið vegna virðisaukaskatts. Aðrar kröfur í árslok 2019 eru ekki verulegar og teljum við ekki sérstaka tapsáhættu til staðar vegna þeirra.

Lífeyrisskuldbinding

Lækkun lífeyrisskuldbindingar nam kr. 921 þús. á árinu 2019 samanborið við kr. 2,7 millj. hækkun á árinu 2018. Lífeyrisskuldbindingin er eini liðurinn sem fellur undir Skólaþjónustu Eyþings. Samkvæmt gögnum frá tryggingastærðfræðingi hefur hlutfall sambandsins af reiknuðum skuldbindingum verið áætlað 50% en útreikningar benda til þess að hlutfallið sé nokkuð hærra eða 56,8%. Skoða þarf hækkun á hlutfallinu ef útreikningar halda áfram að sýna hærra hlutfall.

Lífeyrisskuldbindingin er reiknuð og staðfest af tryggingastærðfræðingi. Byggt er á tryggingafræðilegum forsendum og eru helstu forsendurnar; 2% vextir, lífslíkur samkvæmt reynslu LSR á árunum 2014 til 2018 á Íslandi og örorkulíkum skv. reynslu LSR 2010 - 2014. Vísitalan sem byggt er á hækkaði um 1,9% milli ára sem er nokkuð lægra en hækkun vísitölunnar undanfarin ár.

Eignarhlutir í félögum

Bókfært verð eignarhluta í félögum stendur í stað milli ára. Eignarhlutur í Greiðri leið ehf. er færður á kostnaðarverði sem er jafnt nafnverði eignarhlutarins eða kr. 5,4 millj.

Nafnverð stofnfjárframlags til Norðurslóðanets Íslands er sýnt í skýringum en engin eign færð hjá Eyþingi þar sem um er að ræða sjálfseignarstofnun.

Niðurstaða

Við teljum að mat einstakra liða sé viðeigandi og í samræmi við reikningskilareglur og matsaðferðir í fyrri uppgjörum.

Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti

Eftirlitsumhverfi og innra eftirlit

Farið var yfir eftirlitsumhverfi og lykilorði í innra eftirliti með stjórnendum. Starfaskipting og innra eftirlit riðlaðist hjá sambandinu þegar fyrrum framkvæmdastjóri fór í veikindaleyfi og vegna frekari starfsmannabreytinga.

Aðgreining starfa

Færslu á bókhaldi Eyþings og launavinnslu hefur verið útvistað til þriðja aðila. Framkvæmdastjóri sambandsins hefur séð um samþykkt kostnaðarreikninga og launabreytinga en verkefnastjóri hefur haldið utan um bókhaldsgögn og séð um greiðslur reikninga og styrkjagreiðslur vegna sóknaráætlunar. Menningarfulltrúi sambandsins hefur svo eingöngu verið í umsýslu vegna verkefna og hefur ekki komið nálægt samþykkt kostnaðarreikninga (á við um rekstur Eyþings) eða greiðslum á reikningum eða styrkveitingum. Þetta skipulag sem var komið á hjá sambandinu var að okkar mati mjög gott ef mið er tekið af eðli og umfangi starfseminnar.

Miklar breytingar hafa verið hjá sambandinu frá síðari hluta ársins 2018 og við tóku frekari breytingar í ársbyrjun 2020 með sameiningu Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna. Mikilvægt er að stjórn og stjórnendur séu meðvitaðir um mikilvægi aðgreiningar starfa og reyni eftir fremsta megni að aðgreina samþykkt kostnaðar, bókun og framkvæmd greiðslna.

Yfirferð okkar á helstu viðskiptaferlum

Aðfangafarli

Samhliða úrtaksskoðun á kostnaðarreikningum var farið yfir samþykktarferli á rekstrarkostnaði sambandsins. Tekið var úrtak hreyfinga á gjaldalykla og athugað hvort reikningar og önnur fylgiskjöl væru til staðar og hvort kostnaður væri samþykktur af réttum aðila. Engar athugasemdir gerðar við fylgiskjöl og bókun reikninga en samþykktarferli kostnaðar riðlaðist á árinu vegna starfsmannabreytinga.

Launafarli

Farið var yfir grunn gögn vegna launavinnslu fyrir valin launatímabil innan ársins og skoðað hvort samþykkt væri til staðar fyrir unnum tímum, öðrum greiðslum og launabreytingum. Til staðar voru í launamöppu yfirlit og önnur gögn vegna allra greiðslna á þeim tímabilum sem skoðuð voru.

Önnur mikilvæg atriði

Úthlutun styrkja

Farið var yfir úthlutun styrkja á árinu 2019 með yfirferð fundargerða stjórnar ásamt fundargerðum úthlutunarnefnda. Einnig voru skoðuð gögn vegna valinna verkefna, skoðaðir voru samningar og önnur gögn tengd verkefnum. Við yfirferðina var farið í gegnum úthlutunarreglur fagráða og skoðað hvort gögn væru til staðar, hvort þau væru samþykkt og hvort verkefnum væri fylgt eftir með fullnægjandi hætti.

Yfirferð okkar á styrkveitingum kom heilt yfir vel út. Ferlið er að okkar mati skýrt og teljum við eftir yfirferðina að utanumhaldið sé gott.

Dómsmál

Viðræður um starfslok fyrrum framkvæmdastjóra sambandsins skiluðu ekki árangri og leitaði hann með málið til dómstóla. Málinu var lokið með sátt í janúar 2020 og var það gert upp með aukaframlögum frá aðildar-sveitarfélögunum. Gerð er grein fyrir þessari niðurstöðu málsins í skýringum í ársreikningi sambandsins sem er að okkar mati mikilvægt til þess að loka umfjöllun um málið en í ársreikningi 2018 var gerð grein fyrir því að óvissa væri um uppgjör starfslokanna.

Almenningssamgöngur

Tap varð á rekstri almenningssamgangna hjá Eyþingi á árinu 2019 að fjárhæð kr. 2,3 millj., en mikið tap var á málaflokknum á árunum 2013 - 2015.

Síðustu ár hafa verið veittir viðbótarstyrkir frá ríkinu til Eyþings vegna samgöngumála að fjárhæð kr. 37 millj. fyrir hvert ár. Viðbótarframlagið hefur dugað til þess að halda rekstri síðustu ára yfir núllinu en þónokkuð tap hefði verið á rekstri málaflokksins á árunum 2016 – 2019 ef ekki hefði komið til framangreindra viðbótarframlaga. Eiginfjárstaða málaflokksins var í árslok 2019 neikvæð um kr. 63,6 millj. Fyrirframgreiðslur frá Vegagerðinni til Eyþings stóðu í kr. 40,5 millj. í árslok 2019 samanborið við kr. 38,6 millj. í ársbyrjun. Samningur við Vegagerðina um almenningssamgöngur rann út í árslok 2019. Til staðar er yfirlýsing frá Vegagerðinni þar sem kemur fram að Vegagerðin muni leitast við að afgangur af skuld Eyþings við Vegagerðina, samtals kr. 45 millj. (eins og staðan var í árslok 2018) verði lækkuð eins mikið og eins hratt og unnt er. Ef horft er á eiginfjárstöðu málaflokksins munar nokkuð miklu þar á milli og mögulegt að Eyþing sitji uppi með það tap. Áfram hafa verið viðræður í gangi við samgönguyfirvöld til þess að fá endanlega niðurstöðu í þessi mál.

Í skýringu nr. 8 í ársreikningi Eyþings er gerð grein fyrir fjárhagsstöðu málaflokksins og þeirri óvissu sem hefur verið í kringum þær skuldbindingar sem honum tengjast. Í áritun okkar á ársreikning Eyþings höfum við sett ábendingarmálgrein þar sem vakin er athygli á neikvæðri eiginfjárstöðu vegna málaflokksins og umfjöllun um þessi mál í skýringum.

Önnur mikilvæg atriði

Samkvæmni við lög og reglur

Við höfum yfirfarið helstu lög og reglur sem gilda um starfsemina og lagt mat á það hvort uppgjör sambandsins væri í samræmi við reglurnar.

Við höfum við endurskoðun okkar ekki komið auga á nein frávik eða brot á lögum og reglum sem gilda um uppgjör eða starfsemi sambandsins.

Staðfesting á óhæði

Við staðfestum hér með óhæði okkar gagnvart Eyþingi. Okkur er ekki kunnugt um nein tengsl á milli Enor eða starfsmanna Enor og Eyþings sem að okkar faglega mati gætu skert óhæði okkar sem endurskoðenda sambandsins.

Mismunir og skekkjur

Engir óleiðréttir mismunir eða skekkjur eru til staðar við lok endurskoðunarinnar, samkvæmt okkar vitneskju.